

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Gilsárstekkur 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 27. ágúst 2014 breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 8 við Gilsárstekk. Í breytingunni felst breyting á notkun lóðarinnar úr einbýlishúsalóð í lóð undir starfsemi barnahúss.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skógarvegur 12-16.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 5. september 2014 breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar vegna lóðarinnar nr. 12-16 við Skógarveg. Í breytingunni felst fjölgun íbúða og aukning á byggingarmagni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 1. október 2014.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2014